

Kór í Pelamerkurskóla



Í haust tók tónmenntakennari til starfa hjá okkur í Pelamerkurskóla. Hún heitir Sigríður Hulda Arnardóttir. Hún kennir nemendur 1. til 7. bekkjar tónmennt. Því til viðbótar hefur hún umsjón með tón- og leiklistarsmiðjum á þriðjudögum ásamt því að stjórna samveru á sal fyrir 1. – 6. bekk í fyrsta tíma á miðvikudögum.

Þessu til viðbótar verður hún kórstjóri skólakórs Pelamerkurskóla. Kórinn verður í boði fyrir nemendur 2. – 6. bekkjar. Hann verður með æfingar á **föstudögum kl. 13:00 til 14:20**. Á undanförunum árum hefur skólinn boðið uppá hreyfistundir HHH fyrir nemendur 1. – 7. bekkjar á þessum tíma. Í ár bætist kórstarfið við þessa tíma.

Til að samfella náist í æfingar og efnisskrá kórsins taka þeir nemendur sem hafa áhuga á að starfa með kórnum ekki þátt í hreyfistundum HHH.

Föstudaginn 3. september geta þeir nemendur sem hafa áhuga á að prófa kóræfingu mætt á æfingu hjá Sigu. En **föstudaginn 10. september** þurfa nemendur að hafa gert upp hug sinn og valið hvort þeir taka þátt í kóræfingum eða hreyfistundum HHH.

Ef nemendi ætlar að vera á kóræfingum þurfa foreldrar að láta umsjónarkennara eða skólastjórnendur vita af því í **síðasta lagi miðvikudaginn 6. september**. Annars verður reiknað með að nemendinn verði í hreyfistundum HHH.

Með kórkvæðjum
Sigga og Ingileif

Aftan á þessu blaði er **skipulag HHH**. Það gæti þurft að endurskoða hópaskiptingu eftir að nemendur hafa gert upp hug sinn varðandi kórinn. Ef svo verður sendum við nýtt blað heim með nemendum og birtum það einnig fremst á heimasíðu skólans.